

Skólaakstur í Kjósarhreppi

Reglur um skólaakstur í Kjósarhreppi

Um skólaakstur í Kjósarhreppi gilda reglur skv. 22. gr. laga um grunnskóla og reglur menntamálaráðuneytis um skólaakstur nr. 656/2009 með síðari breytingum ásamt eftirfarandi sérákvæðum.

1. Ábyrgð.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

Sveitarfélagið ber allan kostnað á skólaakstri samkvæmt samningum þar um og reglum þessum.

Þegar um er að ræða tímabundna vistun fósturbarns, ber lögheimilisveitarfélag kostnað af skólaakstri.

Sveitarfélagið gerir samning við bifreiðastjóra og gerir kröfu um að komið sé fram við börnin af virðingu.

2. Skipulag skólaaksturs.

Sveitarfélagið skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem nemendur eiga lögheimili og útveggar viðeigandi akstursþjónustu. Skólabil fer ekki inná skipulagða frístundabyggð. Eftir því sem við á fylgja foreldrar/forsjármenn börnum sínum að bíl og taka á móti þeim eftir skóla. Miðað er við að skólabil sé ekið inn heimreiðar ef aðstæður leyfa. Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki. Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Foreldrar/forsjármenn láta bifreiðastjóra vita eins fljótt og hægt er ef þeir meta það svo að þeir vilji ekki senda börnin af stað vegna veðurs, frís eða forfalla.

3. Öryggi farþega.

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og hann skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt. Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabilfrieið. Bifreiðastjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur og skal skólastjórnendum og skrifstofu tilkynnt um slíka ákvörðun jafnfljótt og hún liggur fyrir. Ekki skal skilja börnin eftir ein í vondum veðrum.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla. Bifreiðastjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabil svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og foreldra/forráðamenn.

4. Aksturinn.

Skólaakstur fer fram samkvæmt tímatöflu sem unnin er á hverju hausti af skrifstofu Kjósarhrepps í samvinnu við skólabilstjóra sveitafélagsins. Tímataflan er eingöngu viðmið og getur raskast til og frá uppgefnum tíma, fylgjast þarf með komu skólabílsins og vera komin út áður en hann kemur. Bílstjóra er ekki skylt að bíða eftir nemendum sem ekki eru komin út þegar að er komið samkvæmt tímatöflu.

5. Fyrirkomulag aksturs.

Skólaakstur fer fram með tvennum hætti.

- a. Með sérstökum skólabílum í samræmi við 2. gr.
- b. Með sérstökum greiðslum til foreldra fyrir akstur eigin barna í veg fyrir skólabílinn, þegar um lengri vegalengdir er að ræða, þjóðleiðir að lögheimilum/lögbýlum sem eru utan leiðar skólabílsins í sveitarfélaginu. Oddviti leggur frekara mat á hvert tilfalli fyrir sig.

6. Annar akstur.

Annar akstur á vegum skóla vegna ferða á skólatíma og frístundastarfs fellur ekki undir skilgreiningar ráðuneytis skv. reglugerð 656/2009 og gilda sérstakar reglur um hann.

Reglur þessar eru endurskoðaðar árlega.